



Afríka 20:20 –
félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara
ÁRSSKÝRSLA 2022

Aðalfundur Afríku 20:20 var haldinn síðdegis 25. apríl 2022, í Húsi Máls og Menningar, að Laugavegi 18. Þátttakendur voru 11 félags- og stjórnarfolk, þar af 2 í fjartengingu. Gengið var til venjubundinna aðalafundarstarfa skv. lögum félagsins. Stjórn var endurkosin frá fyrra ári:

<i>Formaður:</i>	Geir Gunnlaugsson
<i>Ritari:</i>	Stefán Kristmannsson
<i>Gjaldkeri:</i>	Magnfríður Júlíusdóttir
<i>Meðstjórnendur:</i>	Hulda Gunnarsdóttir Jón Geir Pétursson Karl Fannar Sævarsson
<i>Varamenn:</i>	Nelson Vaz da Silva Jite Brume
<i>Málstofunefnd:</i>	Birna Halldórsdóttir
<i>Skoðunarmaður reikninga:</i>	Anna Katrín Árnadóttir

Líkt og fyrri tvö ár var formlegri starfsemi félagsins takmörk sett vegna faraldursins. Árlegu vörballi félagsins var frestað en haustball haldið eftir að öllum takmörkunum hafði verið aflétt.

Stjórnin hélt einn formlegan stjórnarfund í fjartengingu á starfsárinu. Samtímis vann ritnefnd stjórnar nýrrar bókar að útkomu annars heftis að ritinu **Afríka sunnan Sahara í brennidepli** sem mun koma út í lok árs 2023. Einnig var unnið að endurnýjun á vefsíðu félagsins. Því var um marga óformlega fundi stjórnar og annarra félagsmanna að ræða á starfsárinu.

Félagsmenn

Einstaklingar á útsendingarlista Afríku 20:20 eru nú 208 talsins og fá reglulega upplýsingar um starfsemi félagsins. Listinn byggist upp á formlegum umsóknum einstaklinga til að gerast félagsmenn og svo einstaklingum sem hafa sýnt starfsemi félagsins áhuga, t.d. með því að sækja málstofur og aðra viðburði félagsins. Félagið hefur einnig komið upp hópi á Fésbókinni og er nú með 607 vini skráða. Í allt borguðu 25 félagsmenn árgjald fyrir 2022.

Bókarútgáfa

Ritstjórn (Jón Geir Pétursson, Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir) er á lokasprettinum með frágang á bókinni **Afríka sunnan Sahara í brennidepli II**, en félagið fékk styrk frá Utanríkisráðuneytinu til útgáfunnar Útgefandinn er Háskólaútgáfan. Kaflar bókarinnar eru í vinnslu. Það er stefnt að því að bókin komi út með

haustinu. Í tengslum við það hyggst félagið Afríka 2020 halda viðburð til kynningar á útgáfunni.

Félagið Afríka 2020 er ákaflega þakklát fyrir framlag höfunda til að gera þetta að veruleika. Við ráðgerum að í bókinni verið 15 kaflar um ýmis áhugaverð efni tengd Afríku sunnan Sahara sem 17 höfundar hafa skrifað eða Alvaro Velasco Perez, Berglind Sigmarsdóttir, Carlos Lopes, Geir Gunnlaugsson, Gísli Pálsson, Guðrún Helga Jóhannsdóttir, Guðrún Sif Friðriksdóttir, Jite Brune, Jón Geir Pétursson, Jónína Einarsdóttir, Kristín Loftsdóttir, Magnfríður Júlíusdóttir, Matthildur Edda Pétursdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Jón Hafstein, Stefán S. Kristmannsson og Þórdís Sigurðardóttir.

Haustrball

Félagsfólk kom loks saman á balli undir afrískri tónlist í október eftir tveggja ára bið vegna COVID-19. Nýr tónlistarstjóri frá Nígíríu, DJ Uhunoma var ráðinn og Cheick Bangoura og vinir léku á trommur, eins og oft áður. Því miður var aðsókn undir væntingum þrátt fyrir að inngangseyri hafi verið stillt í hóf.

Í tengslum við ballið sótti félagið um posa á eigin kennitölu hjá Valitor, Dalshrauni 3, 220 Hf.

Málstofa

Félagið skipulagði eina málstofu á starfsárinu, það er í sambandi við aðalfund félagsins.

Heiti:

Tónlist Super Mama Djombo: hefðir, notkun máls og inntak texta

Orchestra Super Mama Djombo: traditions, use of language and content of lyrics

Fyrirlesari: William Gomes Ferreira, aðstoðarrektur Jean Piaget háskólans í Gíneu-Bissá

Sjá auglýsingu á fésbók félagsins: <https://www.facebook.com/profile.php?id=100064714239269>

Viðburðadagatal Háskóla Íslands:

https://www.hi.is/vidburdir/tonlist_super_mama_djombo_hefdir_notkun_mals_og_inntak_texta

Heimasíða Afríku 20:20

Ný frumgerð að vefsíðu félagsins er í vinnslu og unnið að því að fullklára hana á komandi starfsári.

Komandi starfsár

- Útgáfa bókarinnar Afríka í brennidepli II
- Málstofur byggðar á heitum bókarkafla
- Skoða frekar árlegt vorballs Afríku 20:20
- Opna nýja heimasíðu

Reykjavík, . 15. maí 2023
Fh stjórnar

Geir Gunnlaugsson formaður